

Nr. 954

15. október 2008

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 584/2001, um úrræði til að bregðast
við greiðsluvanda vegna lána Íbúðaláanasjóðs.**

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður sem verður svohljóðandi: Úrræðum samkvæmt reglugerð þessari verður einnig beitt til að bregðast við greiðsluvanda lántakanda lána sem Íbúðaláanasjóður hefur yfirtekið af fjármálastofnunum á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

1. Á eftir 1. másl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður sem orðast svo: Einnig er heimilt að fresta greiðslum afborgana af höfuðstól þannig að eingöngu séu greiddir vextir og verðbætur af vöxtum.
2. Við 3. mgr. 10. gr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Skilmálabreyting tekur gildi þegar þinglýstur viðauki hefur borist Íbúðaláanasjóði.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 7. mgr. 48. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. október 2008.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ágúst Geir Ágústsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2008